


Barnaskóli Hjallastefnunnar Vífilsstöðum í Garðabæ

Starfsáætlun 2016-2017



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
Hagnýtar upplýsingar	3
Skólaárið og skóladagatal	6
Viðburðir í skólastarfinu	7
Nemendur	8
Skóladagur nemenda.....	8
Heimanám	8
Starfsfólk.....	9
Skólaráð	10
Fjölskyldur.....	11
Miðlun upplýsinga til foreldra	11
Foreldrafélag.....	12
Stoðþjónusta og nemendavernd.....	14
Nemendaverndarráð	15
Heilsugæsla	16
Kennsluhættir	17
Kynjanámskrá Barnaskólans	18
Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar	18

Inngangur

Starfsáætlun Barnaskólans 2016-17 er upplýsingarit um starfsemi Barnaskólans á skólaárinu. Hér er að finna yfirlit yfir helstu viðburði, umfjöllun um áherslur og markmið í skólstarfinu og hagnýtar upplýsingar. Nánari útlistun má sjá í skólanámskrá og á heimasíðu skólans bskgbr.hjalli.is

Starf Barnaskólans byggir á kynjanámskrá Hjallastefnunnar og meginreglum, Aðalnámskrá og lögum um grunnskóla. Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að haga ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegur er í námsumhverfi barna. Fjöldi barna á hvern kennara gerir það að verkum að hvert barn fær þá athygli sem á þarf að halda hverju sinni.

Námsárangur er samofinn góðri líðan og í öllu starfi skólans er lögð áhersla á þessa tvo þætti jöfnum höndum til að stuðla að vexti og þroska allra barna, í samvinnu við foreldra.

Hagnýtar upplýsingar

Vífilsstaðavegur 123, 210 Garðabær

Símanúmer skólans: 555-7710

Netfang skólans: barnaskolinngbr@hjalli.is

Netfang Frístundar: gbrfristund@hjalli.is

Heimasíða: <http://www.hjalli.is/barnaskolinn/>

ný heimasíða er í smíðum á bskgbr.hjalli.is

Skólastýra: Kristín Jónsdóttir kristinjons@hjalli.is

Meðstjórnandi: Lovísa Lind Sigurjónsdóttir lovisalind@hjalli.is

Aðgengi að skóla

Skólinn er staðsettur við Vífilstaðaveg 123. Skólahúsin eru tvö, Vesturhús og Suðurhús. Í Vesturhúsi eru 5 og 6 ára nemendur og í Suðurhúsi eru 7, 8 og 9 ára nemendur. Þar sem skólinn er í útjaðri bæjarins er boðið upp á skólabíl frá leikskólanum Ásum. Göngustígur að skólanum er ekki upplýstur og því hafa börnin einungis hjólað að vori og hausti meðan vel er bjart á morgnana.

Öryggi nemenda

Þegar óveður brestur á eða foreldrar eru óvissir um skólastarf af öðrum ástæðum, er sjálfsagt að hafa samband og leita jafnframt eftir upplýsingum á heimasíðu okkar.

Við förum eftir ráðleggingum sem Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins enda er því falið að fylgjast með veðri og senda út tilkynningar ef á þarf að halda. Um ábyrgð foreldra og forráðamanna segir:

Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn fylgist sjálfir með fréttum af veðri, veðurspám og öðrum upplýsingum sem gætu haft áhrif á skóla- og frístundastarf barnanna og hegði sér í samræmi við aðstæður hverju sinni. Aðstæður geta þróast með ófyrirséðum hætti og verið mismunandi eftir svæðum.

Skólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar eru opnar nema annað sé tilkynnt. Í upphafi skóladags getur mönnun skóla verið takmörkuð og geta foreldrar þá búist við því að starfsfólk leiti liðsinnis þeirra. Foreldrar eru hvattir til að taka slíkum óskum vel.

Ítarlegar upplýsingar og leiðbeiningar til foreldra frá Slökkviliðinu eru [hér](#)

Rýmingaráætlun

Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þarf.

Forföll nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda við upphaf skóladags í síma 5557710 eða með tölvupósti til kjarnakennara eða á barnaskolinngbr@hjalli.is

Leyfi frá skóla

Ef nemandi þarf að fá leyfi skal haft samband við viðkomandi kjarnakennara, en sé um lengri tíma að ræða en þrjú daga skal sækja um það hjá skólastjóra. Einnig er hægt að sækja um leyfi með tölvupósti á netfang skólans. Það er á ábyrgð foreldra/forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það sem þarf ef þeir fara í langt leyfi.

Skólareglur

Skólareglur varða allt skólasamfélagið, þ.e. starfsfólk skólans og stjórn hans, nemendur og foreldra og forráðamenn. Skólareglur Barnaskólans eru fólgnar í meginreglum Hjallastefnunnar þar sem virðing, jákvæðni og samvinna eru meginstefin, sjá [nánar hér](#).

Mötuneyti

Barnaskólinn leggur metnað sinn í að maturinn sem börnin fá í skólanum sé eins heilsusamlegur og kostur er. Boðið er upp á morgunmat, ávaxtahressingu um miðjan morgun, hádegisverð og nónhressingu. Eldhús skólans er hér á Vífilsstaðalóðinni og því stýrir meistarakokkur. Matseðill vikunnar er birtur á heimasíðu skólans.

Frístund

Síðdegisstarf er í boði fyrir börn eftir að kennslu er lokið kl. 14:15 á kjörnum barnanna. Síðdegisstarfið er valkostur sem foreldrar/forráðamenn velja fyrir barn sitt og greiða fyrir. Börn fá nónhressingu í síðdegisstarfi og þeir sem óska eftir geta einnig fengið skólaakstur. Í frístund er boðið upp á vandaða en létt dagskrá, listaloftið, lestur og notalegheit og útiveru alltaf þegar veður leyfir. Skráð er í frístund á heimasíðunni og netfang er gbrfristund@hjalli.is
Edda Rósa Gunnarsdóttir hefur umsjón með starfinu í Frístund.

Skólaárið og skóladagatal

Samkvæmt skóladagatali eru skóladagar nemenda 180. Kennsla fellur niður í jólaleyfi nemenda sem er frá 21. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi er 20. – 24. febrúar og páskaleyfi er 10. til og með 17. apríl. Einnig fellur kennsla niður vegna fimm skipulagsdaga grunnkennara á skólaárinu, þ.e. 16. september, 24. október, 30. nóvember, 2. janúar og 26. maí. Skipulagsdagar kennara fimm ára barna eru 16. september, 24. október, fram til kl. 13.00 2. janúar og 26. maí. Skipulagsdagar eru þeir sömu og í öðrum skólum í Garðabæ en engir skertir kennsludagar eru í Barnaskólanum. Skóladagatalið er á heimasíðunni [hér](#).

Haustönn

16. september	Skipulagsdagur, leik- og grunnskólakennara. Opið í Frístund.
4.-6.október	Opið hús og foreldrakaffi.
24. október	Fjölskylduviðtöl hjá 5-9 ára börnum. Engin kennsla og lokað í Frístund.
16.desember	Jólasöngfundur allra í skólanum.
21. des.	Jólaleyfi grunnskólabarna 6-9 ára hefst. Opið hjá 5 ára og í Frístund.
21. -23. des. og 27. - 30. des.	Opið hjá 5 ára. Sérstök jólaleyfisskráning í Frístund fyrir 6-9 ára.

Vorönn

2. janúar	Skipulagsdagur grunnskólakennara allan daginn og frístund lokað. Hjá 5 ára börnum er lokað fyrir hádegi en opið eftir hádegi.
6. janúar	Sparifatadagur, allir mæta í sínu fínasta pússi og kveðjum jólin.
30. jan. - 3. feb.	Foreldraviðtöl.
20. – 24. feb.	Vetrarfrí hjá 6-9 ára börnum en opið í Frístund og á 5 ára kjörnum.
22. – 24. maí	Vorferðir.
26. maí	Skipulagsdagur grunn- og leikskólakennara, engin kennsla en opið í frístund fyrir 6-9 ára börn.
8. júní	Skólaslit.

Viðburðir í skólastarfinu

Ýmsar hefðir hafa skapast í skólanum sem auðga og styrkja skólastarfið okkar.

Menningarferðir í desember

Öll börn og kennarar fara í menningarferð til nágrennbæjanna nema þau yngstu sem halda sig í Garðabæ. Farið er í heimsókn á söfn eða aðra merka staði og á kaffihús.

Leikhús í tösku

Árleg jólahefð hefur skapast síðustu ár fyrir því að Þórdís Arnljótsdóttir sýnir leikrit um gömlu jólasveinana og Grýlu.

Jólasöngfundur og sparifatadagur

Við syngjum jólasöngva á söngfundi 16. desember og kveðjum jólahátíðina með sparifatadegi á þrettándanum 6. janúar.

Öskudagur

Á öskudag er búningadagur, óhefðbundinn skóladagur en þó ekki skertur. Börn syngja fyrir aðra kjarna og fá sælgæti sem skólinn gefur. Við setjum upp stöðvar t.a.m. draugahús, söngstöð, diskó o.fl. Öll börn fá tækifæri til að fara á allar stöðvar og fjörið er ómælt.

Vorferð

Allir árgangar fara í vorferðir sem börn og fjölskyldur hafa safnað fyrir yfir veturinn. Í vor verður ýmist um dagsferðir eða lengri ferðir að ræða. Ferðirnar eru skemmtilegar, styrkja vináttu, áræðni og sjálfstæði barna auk þess sem mikið nám á sér stað þar sem börnin fræðast um landið okkar og sögu þess.

Vorhátíð

Foreldrafélagið heldur vorhátíð eftir skólaslitin. Þar koma börn og fjölskyldur saman og eiga góða stund. Þar eru t.d. grillaðar pylsur, hoppukastali, krakkahestar, andlitsmálning og ýmis skemmtiatriði.

Nemendur

Nemendur skólans eru 112 á tíu kjörnum.

Aldur – fæðingarár	Stúlkur	Drengir
5 ára, 2011	7	10
6 ára, 2010	9	16
7 ára, 2009	12	13
8 ára, 2008	14	9
9 ára, 2007	12	10

Skóladagur nemenda

Skólastarf í Barnaskólanum hefst kl. 8:45 hjá öllum árgöngum og því lýkur kl. 14:15. Þá tekur við síðdegisstarf í Frístund fyrir þau börn sem það kjósa. Fimm ára börn eru að vonum leikskólabörn en skólatíminn er mótaður svipað og hjá grunnskólabörnum og því er æskilegt að þau séu mætt í hús eigi síðar en 8:45 og að þau ljúki ekki sínum degi fyrr en eftir 14:15.

Nemendur fá 60 mínútna valstund á miðjum morgni þar sem hver og einn velur á valfundi hvort frjálsum tíma er varið í útiveru eða inniveru á valsvæðum. Valstundir koma í stað hefðbundina frímínútna sem eru ekki í Hjallastefnuskólum. Hádegishlé og næðisstund eru í 45 mínútur. Öll börn eru í mataráskrift en heitur matur er framreiddur inn á kjarna.

Heimanám

Í Barnaskólanum miðast heimanám eingöngu við þjálfun í lestri. Fáein verkefni þar sem foreldrar taka þátt eru einnig unnin heima að hluta. Það er mat skólans að heimanám sé ástæðulaust að öðru leyti þar sem börn þurfa tíma til að leika sér og hvílast þegar skóladegi og tómstundastarfi sleppir.

Starfsfólk

Skólastýra er Kristín Jónsdóttir. Hún veitir skólanum forstöðu og ber ábyrgð gagnvart sveitarstjórn. Meðstjórnandi er Lovísa Lind Sigurjónsdóttir. Í sameiningu veita þær skólanum faglega forystu og skipta með sér verkum við stjórn skólans. Í skólanum starfa 27 starfsmenn og sinna kennslu og stuðningi við nemendur, frístundastarfi, matreiðslu og umsjón með skólahúsnæðinu.

Starfsfólk skólans	Starfssvið
Ása Jónsdóttir	kjarnakennari 9 ára drengja
Betty Gunnarsdóttir	þroskaþjálfari
Birute Skibickiene	matreiðsla
Bryndís Hrönn B. Gunnarsdóttir	kjarnakennari 7 ára drengja
Davíð Gunnarsson	skólaliði og starfsmaður í Frístund
Edda Rósa Gunnarsdóttir	umsjón með Frístund
Eva Lind Ingadóttir	kjarnakennari 7 ára stúlkna
Heiða Helena Viðarsdóttir	kjarnakennari 5 ára stúlkna
Hildur Björk Guðmundsdóttir	kjarnakennari 8 ára stúlkna
Jóna Magnúsdóttir	skólafreyja
Katrín Helgadóttir	starfsmaður í Frístund
Kristín Jónsdóttir	skólastýra
Kristín Rúnarsdóttir	kjarnakennari 6 ára drengja
Lovísa Lind Sigurjónsdóttir	meðstjórnandi
Margrét Lilja Guðmundsdóttir	skólaliði og starfsmaður í Frístund
Matthías Matthíasson	sálfræðingur
Rakel Lúðvíksdóttir	kjarnakennari 8 ára drengja

Sif Beckers Gunnsteinsdóttir	starfsmaður í Frístund og myndlist
Sigríður Ósk Reynaldsdóttir	kjarnakennari 9 ára stúlkna
Sigrún Lilja Færseth	stuðningur og þjálfun
Sigurbjörg Vilmundardóttir	kjarnakennari 6 ára drengja
Sigurjón Ívarsson	kokkur
Sigurlaug Jóhanna Stefánsdóttir	kjarnakennari 6 ára stúlkna
Soffía Júlía Svavarsdóttir	skólafreyja
Sturla D. Þorsteinsson	kennari í námsveri
Svetlana Stepanova	ræstingar
Þórður Guðsteinn Pétursson	íþróttá- og sundkennari

Skólaráð

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans um skólanámskrá og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð fylgist með öryggi, aðbúnaði og velferð nemenda.

Skólaráð er skipað tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa grenndarsamfélags auk skólastjóra sem kallar ráðið saman. Skólaárið 2016-17 sitja eftirtaldir í skólaráði:

Fulltrúar foreldra: Fanný Lára Hjartardóttir og Hafliði Kristjánsson

Fulltrúar barna: Fanney María Freysdóttir og Nói Baldur Auðunsson

Fulltrúar kennara: Sigurbjörg Vilmundardóttir og Sturla D. Þorsteinsson

Fulltrúi grenndarsamfélags: Erna Káradóttir

Fulltrúar annarra starfsmanna: Soffía Júlía Svavarsdóttir

Skólastýra: Kristín Jónsdóttir

Fjölskyldur

Þegar kemur að fjölskyldum starfar Barnaskólinn eftir fyrstu meginreglu Hjallastefnunnar:

Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Gott foreldra- og fjölskyldusamstarf er fyrir hendi í Hjallastefnuskólum. Lögð er áhersla á samvinnu við foreldra og fjölskyldur hvers barns til að skapa traust milli heimilis og skóla. Á hverju ári fer fram viðhorfakönnun meðal foreldra til að fá álit þeirra á starfi skólans og til að leita eftir tillögum þeirra til úrbóta. Stundum eru gerðar kannanir um viðhorf í einstaka málum eins og til dæmis til þess hvenær henti best að hafa foreldraviðtöl.

Miðlun upplýsinga til foreldra

Það er virk upplýsingagjöf á milli foreldra og starfsfólk skólans og auðveldar boðleiðir. Í upphaf skólaárs er fjölskyldumorgunn þar sem foreldrum er kynnt hvernig skóladeginum og kennslu er háttað. Kjarnakennarar senda föstudagspóst og vikúáætlanir þar sem farið er yfir vikuna og fjallað um markmið og viðfangsefni sem á döfinni eru. Á heimasíðu skólans koma fréttir og aðrar upplýsingar um skólastarfið. Á fjölskyldusíðu eru kjarnaupplýsingar og foreldrar geta séð myndir af skólastarfinu. Barnaskólinn á fésbókarsíðu sem foreldrar og aðrir áhugasamir geta heimsótt.

Fjölskyldumorgnar

Tvisvar á vetri er opið hús en þá mæta fjölskyldumeðlimir sem tók hafa á með börnum sínum, kynnast náminu og fá sér morgunhressingu ásamt kjarnavinum og fjölskyldum þeirra.

Foreldrafélag

Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Foreldrafélag Barnaskólans er samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Félagið skipuleggur ýmsar skemmtanir, vorhátíð og fræðslufundi fyrir foreldra.

Stjórn félagsins skipa fulltrúar foreldra úr röðum kjarnafulltrúa eða sjálfboðaliða og skiptir stjórnin með sér verkum. Aðalfundur félagsins skal haldinn í september ár hvert með hefðbundinni aðalfundardagskrá. Starfsáætlun og fundargerðir foreldrafélagsins er að finna á heimasíðu skólans. Kjarnafulltrúar úr hópi foreldra og forráðamanna eru:

Kjarni	Barn	Foreldri	Netfang
5 ára stúlkur	Eva Björk	Kristín Guðmundsd.	ktgudmunds@gmail.com
5 ára stúlkur	Soffía Bára	Alda Hrönn	aldahronn@simnet.is
5 ára drengir	Auðunn Sölvi	Ástrós	astros01@hotmail.com
	Jón Jökull	Gunnþórunn	gunntorunn@gmail.com
6 ára stúlkur	Katla Lena	Sara Jóhannesdóttir	sarajohannes@gmail.com
6 ára stúlkur	Tinna Karen	Kristín Tómasd	kristin.tomas81@gmail.com
6 ára drengir	Steinar	Lúðvík Örn	ludvik@logmal.is
		Hanna Lilja	hannaliljaj@me.com
6 ára drengir	Oliver	Óskar	oskar@omnomchocolate.com
		Marta	marta@handafl.is
7 ára stúlkur	Kamilla Inga	Guðlaug (Gulla)	gullabjarna@gmail.com
		Ellert	egudjonsson@gmail.com
7 ára drengir	Gabriel	Guðmundur	g.eggertsson@gmail.com
		Elín	elinmjoll@gmail.com
	Hafsteinn	Hafliði	hafliði@rad.is
		Steinunn	steinunn@vordur.is
	Gísli Goði	Magga	maggagisladottir@gmail.com
		Vernharð	

8 ára stúlkur	Þórdís Unnur	Emelía Bragadóttir	ebragadottir@gmail.com
8 ára stúlkur	Aníta Dís	Gunnur Líf Gunnarsd	gunnurlif@gmail.com
8 ára stúlkur	Júlía Sæunn	Björg	bjorgj@islandia.is
8 ára drengir	Þórólfur	Jóhanna	johannaingibjargardottir@gmail.com
8 ára drengir	Victor Breki	Fanný	fannylara@internet.is
9 ára stúlkur	Svana Björg	Kristín (Dídí)	kristin.tomas81@gmail.com
9 ára stúlkur	Klara	Harpa	Harpa@icelandic.is
9 ára drengir	Andri Steinn	Sigrún	sigrun@soa.is
9 ára drengir	Arnar Darri	Arndís	arndis.sveins@lrh.is
		Ási	asigyfa@gmail.com

Kjarnakvöld

Haldin verða tvö kjarnakvöld í vetur, fyrir og eftir áramót. Kjarnakvöld eru samstarfsverkefni heimilis og skóla og sjá foreldrar um skipulagningu með aðstoð kjarnakennara. Þá koma börnin ásamt foreldrum sínum og eiga góða stund með kennurum eftir lokun skólans.

Afmælis dagar

Þegar að barn á afmæli er því fagnað líkt og venjulega við komu sína í skólann. Afmælisbarn dagsins fær að fara á sólina í miðju valfundarkróks /mottu og sungin er afmælisöngur Hjallastefnunnar ásamt því að fá veglegt faðmlag eða tolleringu frá vinum og kennurum. Ef barn eða börn hafa átt afmæli í mánuðinum er bakað síðasta föstudag þann mánuðinn fyrir þau börn. Þá fá börnin tækifæri til að baka sjálf, undir leiðsögn kennara. Ef afmælisbarn býður vinkonum sínum eða vinum í afmælisboð á skólatíma er afar mikilvægt að öllum hópnum sé boðið en ekki einstaka barni eða börnum. Skólinn hefur boðið upp á að foreldrar geti haldið afmælisveislu í skólanum og hafa foreldrar því oft sameinast um veislu hjá þeim börnum sem eiga afmæli á svipuðum tíma.

Stoðþjónusta og nemendavernd

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir hvers barns og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum börnum fyrir viðeigandi kennslu. Ef barn þarfnast sérstaks stuðnings, þjálfunar eða sérkennslu er reynt að mæta þörfum þess á sem bestan hátt og gera námið sem skilvirkast.

Námsver

Börn 6-9 ára að aldri fá sérkennslu samkvæmt greiningum sérfræðinga eða greinandi skimunarprófum, en einnig vegna ábendinga ýmissa aðila svo sem kennara, talmeinafræðings eða foreldra. Helstu markmið sérkennslu í námsveri eru að styrkja sjálfsmynd barna, að börn fái kennslu í samræmi við þroska og getu, og að styrkja börn í sjálfstæðum vinnubrögðum. Kennari í námsveri er Sturla D. Þorsteinsson.

Atferlisþjálfun og málörvun

Sigrún Lilja Færseth er sálfræðimenntuð og sinnir þjálfun og málörvun 5 ára barna.

Sálfræðiþjónusta

Hlutverk skólasálfræðings er að sinna sálfræðilegri greiningu á vanda nemanda í námi eða vanlíðanar. Sálfræðingur veitir ráðgjöf til foreldra og forráðamanna og starfsmanna skóla vegna náms- eða tilfinningavanda nemanda en veitir ekki meðferð. Bæði starfsmenn skólans og foreldrar geta óskað aðstoðar hans og skal það gert á sérstökum eyðublöðum.

Skólasálfræðingur greinir foreldrum frá niðurstöðum sínum um þær greiningar sem gerðar eru á fundi með kjarnakennara og stjórnanda skóla.

Sálfræðingur skóla situr í nemendaverndarráði og hefur upplýsingaskyldu gagnvart því.

Skólasálfræðingur er Matthías Matthíasson og starfar í skólanum í hlutastarfi.

Námsráðgjöf

Skólasálfræðingur og kennari í námsveri sinna námsráðgjöf.

Talkennsla

Ekki er starfandi talmeinafræðingur við skólann en ráðgjöf og greiningu annast talmeinafræðingur utan skólans.

Túlkabjónusta

Túlkabjónusta er sótt til alþjóðahúss þegar á þarf að halda.

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði eiga sæti skólastýra, meðstjórnandi, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, þroskaþjálfari og kennari í námsveri skólans. Hlutverk ráðsins er að samræma skipulag og framkvæmd bjónustu við nemendur varðandi sérkennslu, heilsugæslu og aðra sérfræðibjónustu. Nemendaverndarráði er ætlað að vera skólastjórnendum til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við börn. Einnig er hlutverk þess að starfa að velferðarmálum barna.

Reglulegir fundir eru haldnir mánaðarlega, en oftast ef þurfa þykir vegna einstakra mála. Starfsmenn skólans geta óskað eftir fundi í nemendaverndarráði um sérstök málefni með því að fylla út beiðni. Kjarnakennari getur óskað eftir umfjöllun nemendaverndarráðs um barn í umsjónarhópi sínum og skal kennarinn gera foreldrum viðvart um umfjöllunina fyrir fundinn. Leitast er við að taka málefni fyrir eins skjótt og hægt er eftir að beiðni berst. Nemendaverndarráð skráir stöðu málsins, fjallar um það faglega, leggur fram tillögur og fylgist með framvindu mála. Ráðið getur kallað á sinn fund þá aðila innan skólans og utan sem það telur að geti upplýst sig um ákveðin málefni. Full trúnaðarskylda fundarmanna gildir á öllum fundum nemendaverndarráðs.

Heilsugæsla

Skólaheilsugæsla er fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og njótum við þjónustu Heilsugæslu Garðabæjar. Meginmarkmið skólaheilsugæslunnar er að börnin fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á í samræmi við bestu þekkingu.

Skólahjúkrunarfræðingur sinnir forvarnarvinnu með nemendum. Skólahjúkrunarfræðingur skólans er Áslaug Birna Ólafsdóttir og Bjarni Jónasson er læknir skólans.

Fyrsta hjálp

Skólahjúkrunarfræðingur, kennari eða aðrir starfsmenn skóla veita fyrstu hjálp ef slys ber að höndum. Ef barn veikist í skólanum eða meiðist alvarlega er haft samband við forráðamenn. Því er nauðsynlegt að skólinn hafi símanúmer foreldra/forráðamanna.



Kennsluhættir

Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að haga ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegt er að sé í námsumhverfi barna. Fjöldi barna á hvern kennara gerir það að verkum að hvert barn fær þá athygli sem á þarf að halda hverju sinni.

Aðalnámskrá grunnskóla annars vegar og kynjanámskrá Hjallastefnunnar hins vegar móta inntak allrar kennslu, stundum eru viðfangsefni einkum byggð á annarri námskránni og stundum eru þær samofnar. Opinn efniviður og kennsla án hefðbundinna námsbóka fyrir hvern og einn nemanda eru aðalsmerki skólans. Kennarar útfæra alla kennslu og búa til verkefni með námsmarkmið barna að leiðarljósi. Mikið er unnið út frá hlutbundinni vinnu þar sem verkefni eru útfærð á lifandi og skemmtilegan hátt og þar sem ólíkar leiðir eru farnar í uppgötvunarnámi barna. Verkefnavinna fer oft fram í stöðvavinnu og börn fá verkefni sem hæfa getu þeirra og áhuga. Þannig er reynt að mæta hverju og einu þar sem það er statt og veita því tækifæri til að vinna sig í átt að námsmarkmiðum kjarnans. Börn búa meðal annars til sínar eigin verkefnabækur og í ólíku formi allt eftir viðfangsefninu hverju sinni. Byggt er á frumkvæði og sköpun hvers og eins. Kjarnanámskrár og lýsingar á námsgreinum og smiðjum í opnum vikum eru á heimasíðu skólans.

Blöndun

Alla daga vikunnar hittast stúlkur og drengir á sama aldri og æfa samskipti. Hluti af þeirri hugmynd að skipta börnum upp eftir kyni í skólastarfi er mikilvægi þess að vinna markvisst að öflugum samskiptum á milli kynjanna. Það gerum við með því að hittast á hverjum degi undir styrkri stjórn kennara og vinna verkefni sem taka mið af jákvæðum samskiptum á milli stúlkna og drengja. Þessa stund köllum við blöndun. Jákvæðni, heiðarleiki og virðing einkenna þessar stundir og eru þær ómissandi liður í okkar starfi. Stúlkur og drengir læra að bera virðingu hvort fyrir öðru með markvissum og skemmtilegum æfingum, stýrðum af kennurum. Verkefnin eru alltaf þannig uppbyggð að bæði kynin upplifi sig jákvætt og hafi jafna möguleika til að vinna verkefnin. Þau verkefni sem þykja hæfa öðru kyninu meira

heldur en hinu eru ekki í boði. Í blöndun er jafnrétti og jafnræði lykilhugtökin ásamt því að vera skemmtileg, jákvæð og hvetjandi. Stúlkur jafnt sem drengir hafa sama rétt hvort sem um ræðir í orðum eða athöfnum. Vinátta og jákvæð samskipti eru einkunnarorð blöndunar og má árangur blöndunar því finna í samskiptum barnanna, þar sem þau öll eru einstök.

Kynjanámskrá Barnaskólans

Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti stúlkna og drengja. Í kynjaskiptu skólastarfi er markmiðið að gera báðum kynjum jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum stúlkna og drengja. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem menning beggja kynja er virt og viðurkennd. Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfa bæði kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutæki til þess.

Kynjanámskráin okkar er rauði þráðurinn í öllu okkar skólastarfi. Námskránni er skipt niður í sex lotur þar sem unnið er með ákveðin hugtök og orð sem tengjast hverri lotu.

Við æfum bæði í orðræðu og verki hvernig við notum orðin í hvaða samhengi og við setjum upp aðstæður þar sem ákveðin þjálfun viðkomandi lotu er æfð. Lýðræðisfundir fara oft fram í kjölfar umræðna út frá lotuvinnu og þar brýnum við fyrir börnunum okkar mikilvægi þess að allir séu virkir í öllu okkar starfi, umræðum og vinnu. Það að vera virkur í samfélagi bætir sjálfsmyndina og þá trú að við getum alltaf haft áhrif á það líf sem við kjósum að lifa með því að láta í ljós skoðanir okkar og vilja.

Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Hér má sjá hvernig grunnþættir Aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar ríma saman. Grundvallarhugtök beggja miða að því að þroski og velferð barna sé í fyrirrúmi í námi og kennslu.



Við vinnum með sameiginlegan kjarna í sex lotum kynjarnámskrárinnar og sex grunnpáttum Aðalnámskrár. Hér eru dæmi um markmið sem spretta af þessum sameiginlegu kjarnapáttum.

Agi & læsi	Að börn læri að sýna virðingu, að einbeita sér og að fylgja fyrirmælum. Þau þjálfist í læsi á umhverfið og geti lesið og miðlað.
Sjálfstæði & sjálfbærni	Að börn þjálfist í sjálfstæði. Þau læri að vera meðvitað um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar
Samskipti & lýðræði og mannréttindi	Að börn læri að sýna umburðarlyndi, hjálpsemi, gagnrýna hugsun og víðsýni
Jákvæðni & jafnrétti	Að börn læri að tileinka sér jákvæðni, að sýna félagslega færni og þjálfist í að vera meðvitað um jafnrétti.
Vináttá & heilbrigði og velferð	Að börn þjálfist í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og læri að sýna öðrum samkennd og umhyggju.
Áræðni & sköpun	Að börn þjálfist í að sýna frumkvæði, kraft, sköpun og að taka áskorunum

Lotur kynjanámskrárinnar

Hér eru dæmi um æfingar og viðfangsefni sem tilheyra lotunum.

1. Lota – félagslegir eiginleikar. Agi; virðing, hegðun, kurteisi, framkoma

Hvers kyns fyrirmælaæfingar, kátar og líflegar. Þær má gera við allar aðstæður, í samverum, þrautabrautum, í útihlaupum, við upphaf og lok hópatíma og á valfundum. Umræða um orðin sem fylgja lotunni, hvað þau þýða og hvernig við notum þau í daglegu lífi. Þetta á við orðin í öllum lotunum sex.

2. Lota – einstaklingseiginleikar. Sjálfstyrking; sjálfstæði, sjálfstraust, öryggi, tjáning

Alls kyns framsögn, þau yngstu byrja á því einfalda, t.d. að standa upp og segja nafnið sitt. Eftir því sem þau eldast segja þau litlar sögur upp í það að kynna verkefni sem þau hafa verið að vinna. Beina athyglinni að einu og einu barni í einu og leyfa því að vera stjarna dagsins.

3. Lota – félagslegir eiginleikar. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpsemi, víðsýni, samstaða

Hjálpa vinkonum sínum og vinum að ýmsu leyti, æfingar eins og að leiða „blinda/n“ sem reynir mikið á samvinnu og traust. Eiga „leynarmál“ með hópnum sínum sem hefur góð áhrif á samkenndina, eiga saman leynistað eða leynilag.

4. Lota – einstaklingseiginleikar. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskiptni

Mikill söngur, dans og hreyfing. Nota jákvæð orð um sjálfan sig og aðra. Taka neikvæðar setningar og snúa þeim við yfir í jákvæðar. Brosa og hlæja mikið.

5. Lota – félagslegir eiginleikar. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur

Aðstoða vinkonur og vini á ýmsan hátt. Búa til vinabönd og gefa, mála hvort annað með andlitslitum, nudda hendur og fætur með kremi, greiða hvort öðru.

6. Lota – einstaklingseiginleikar. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Æfa kjarkinn sinn, hlaupa berfætt/ur í snjónum, öskra upp í vindinn, dansa berfætt/ur með hveiti eða kornflex á gólfinu, hoppa niður af einhverju.